

169 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
 31. desbr. ingar á lagafrumvarpi um eptirlaun. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 6. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um eptirlaun, er upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi 1895. Er lagafrumvarp þetta alveg samhljóða lagafrumvarpi því um sama efni frá alþingi 1893, er hans hátign konunginum þann 10. nóvbr. 1894 þóknadist að synja staðfestingar samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland. Þjer hafið og tekið það fram, að hin sömu rök, sem til þess lágu, að síðarnefnt lagafrumvarp eigi hlaut allrahæsta staðfesting, virðist hljóta að gjöra það að verkum, að lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, verði synjað staðfestingar.

Af umgetnum ástæðum, sem færðar voru gegn staðfesting lagafrumvarpsins 1894, sbr. brjef ráðaneytisins frá 10. nóvbr. 1894 (Stjórnartíðindi B. bls.209—10), hefir ráðaneytið einnig orðið að álíta þetta lagafrumvarp ófallið til þess að verða að lögum; hefir það því allraþegnsamlegast lagt það til, að frumvarpinu yrði synjað allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign konunginum þann 27. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja:

Alþingi, sem saman kom síðastliðið sumar, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp um eptirlaun, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer hjer með að senda lagafrumvarp þetta bæði eins og það kom frá þinginu og í danskri þýðingu.

Umgetið lagafrumvarp er alveg samhljóða lagafrumvarpi því með sömu fyrirsögn frá alþingi 1893, sem var synjað allrahæstrar staðfestingar af ástæðum þeim, er taldar eru í hæstvirtu brjefi ráðaneytisins frá 10. nóvbr. 1894, og virðast því hinar sömu ástæður hljóta að gjöra það að verkum, að frumvarp það, sem hjer er um að ræða, verði talið ófallið til þess að öðlast staðfesting.

170 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
 31. desbr. ingar á lagafrumvarpi um afnám dómsvalds hæstarjettar í islenskum málum. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 15. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi 1895, um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í islenskum málum, úr lögum. Og hafið þjer látið í ljósi þá skoðun, að lagafrumvarp þetta mundi eigi verða talið til þess fallið að fá fram að ganga, með því að það sje að aðalefninu samhljóða lagafrumvarpi því með sömu fyrirsögn frá alþingi 1893, er synjað var staðfestingar með allrahæstum úrskurði 10. nóvbr. 1894, og breytingar þær, sem alþingi hefir samþykkt, að líkindum eigi

gjöri lagafrumvarp það, sem um er að ræða, aðgengilegra en hitt, er samþykkt **170**
var á alþingi 1893. 31. desbr.

Af ástæðum þeim gegn hinu eldra frumvarpi, sem taldar eru í brjefi ráðaneytisins fyrir Ísland, dagsettu 10. nóvbr. 1894 (sbr. Stjórnartíðindi B. bls. 195—196), og hinar gjörðu breytingar eigi snerta að neinu leyti, hefir ráðaneytið orðið að telja lagafrumvarp það, sem um er að ræða, einnig ófallið til þess að öðlast lagagildi; hefir það því allraþegnsamlegast lagt það til, að frumvarpinu yrði synjað allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign konunginum þann 27. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á þessa tillögu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp, sem upp hafði verið borið af þingmanna hálfu, um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenskum málum, úr lögum.

Um leið og jeg sendi hjer með lagafrumvarp þetta bæði eins og það kom frá þinginu og í danskri þýðingu, skal jeg lotningarfullst leyfa mjer að taka það fram, að áður nefnt lagafrumvarp er að aðalefninu til samhljóða frumvarpi því með sömu fyrirsögn frá alþingi 1893, sem synjað var konunglegrar staðfestingar með allrahæstum úrskurði 10. nóvbr. f. á., með þeim einum breytingum, að landsyfirrjettardómurinum er fjölgað um tvo og að orðuð eru öðruvísi ákvæðin um eptirleitun á samþykki hins almenna löggjafarvalds ríkisins á breyting á stöðu hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenskum málum. Með því að hinar umgetnu breytingar eigi virðast gjöra frumvarp það, er um er að ræða, aðgengilegra en hitt, er samþykkt var á alþingi 1893, get jeg eigi ætlað að það verði talið til þess fallið að fá lagagildi.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um kjörgengi kvenna. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. 31. desbr. nóvbr. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp eitt um kjörgengi kvenna, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt á hinu reglulega alþingi 1895. Er frumvarp þetta svo að segja alveg samhljóða frumvarpi því með sömu fyrirsögn frá alþingi 1893, sem hans hátign konunginum þann 10. nóvbr. 1894 þóknadist að synja staðfestingar samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins. Með þeirri athugasemd, að til síðasta alþingis hafi komið áskoranir, er undir hafi verið ritað af miklum fjölda íslenskra kvenna, um aukning hinna pólitísku rjettinda, er þeim þegar hafi verið veitt, einkum í þá átt, að þeim, yrði veitt kjörgengi við kosningar þær, er um er rætt í lögum nr. 10, frá 12. maí 1882, og með skírskotun til fyrri ummæla yðar um málið í brjefi frá 27. septbr. 1893, hafði þjer skotið því til úrskurðar ráðaneytisins, hvort frumvarp það, sem um er að ræða, geti álitizt til þess fallið að verða að lögum.